

**Nd.**

### **168. Tillaga**

til þingsályktunar um kaup eða leigu á sildarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa sildarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að taka stöðina á leigu og starfrækja hana í sambandi við aðrar sildarbræðslustöðvar ríkisins, enda séu leiguskilmálar aðgengilegir og stöðin í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eigenda, hvorttveggja að dómi ríkisstjórnarinnar.

#### **Greinargerð.**

Nefndinni hefir borizt til athugunar bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 20. nóv. ásamt bréfi frá h/f Útvegsbanka Íslands, dags. 18. s. m., þar sem bankinn býður ríkisstjórninni sildarbræðsluverksmiðju sína á Sólbakka við Önundarfjörð til kaups. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að rétt sé, að ríkisstjórnin hafi heimild til að kaupa verksmiðjuna, ef kaupverð þykir aðgengilegt, og líka til að taka hana á leigu, ef um semst. Þetta virðist meiri hluta nefndarinnar vera í fullu samræmi við samþykktir þær, sem gerðar voru á síðasta þingi, þar sem stjórninni var gefin samskonar heimild snertandi verksmiðju dr. Pauls á Siglufirði.